

Fundur í fagráði loftræsikerfa nr. 1 tímabilið 2013-2014

Fundarefni:	Koma saman og ræða hugmyndir um umfjöllunarefni fyrir tímabilið.		
Fundardagur:	22.05.2013	Fundartími:	16:00 – 17:00
Fundarstaður:	Verkís, Ármúla 4	Fundarritari:	Kjartan
Fundarmenn:	Guðmundur Jónatansson (GJ), Kjartan Mar Eiríksson (KME) og Kristján Oddur Sæbjörnsson (KOS).		
Dreifing:	Fundarmenn, Gunnar Björn Guðbjörnsson, Karl Hákon Karlsson, Sigurgeir Þórarinnsson og Kristján Ottóson – LAFÍ		

Eftirfarandi hugmyndir um umfjöllunarefni komu fram á fundinum;

- lokafrágangur lagnakerfa og breyttar kröfur í byggingarreglugerð um úttektir,
- greinargerð hönnuðar um lagnakerfi til leyfisveitanda eða skoðunarstofu,
- reglur vinnueftirlitsins um húsnæði vinnustaða sem segja að hæfilegt hitastig við kyrrsetustörf sé 18°C til 22°C,
- ófullgerðir uppdrættir af lagnakerfum á verkstað,
- ástæður fyrir því að þjónustu- og handbækur lagnakerfa séu ekki gerðar,
- brunalokur,
- stórrir gluggar.

Rætt var um lokafrágang á lagnakerfum í tegslum við öryggisúttekt og talið líklegt að hann muni dragist á langinn með tilkomu hennar. Heimilt er að fresta lokaúttekt í allt að þrjú ár frá öryggisúttekt sem gæti freistað einhverra til að fresta því að hanna kerfin til fulls, ganga frá þeim eða setja upp viðeigandi búnað.

Í byggingarreglugerð er þess krafist að hönnuður afhendi greinargerð til rökstuðnings því að hönnunargögn standist reglugerðina og lög um mannvirki. Svo virðist sem hönnuðir séu ekki byrjaðir að fylgja þessari kröfu eftir og leyfisveitendur, skoðunarstofur og Mannvirkjastofnun séu ekki tilbúin að fylgja henni eftir.

Í reglum vinnueftirlitsins nr. 581 frá 1995 um húsnæði vinnustaða er hæfilegt hitastig við kyrrsetustörf talið vera 18 °C til 22°C. Þetta er almennt of kalt fyrir fólk sem vinnur á skrifstofu og líklegt að það þurfi að klæða sig vel til að þola við. Dæmi er um að vinnueftirlitið vísi í reglurnar þegar kvartað hefur verið til þeirra um of háan hita á skrifstofum.

Einnig var lauslega rætt um; ófullgerða uppdrætti af lagnakerfum á verkstað sem iðnaðarmönnum væri stundun gert að vinna eftir, að of oft vantaði þjónustu- og handbækur fyrir lagnakerfi, kostnað, eftirlit og viðhald með brunalokum og vandkvæði sem fylgja stórum gluggum á vinnustöðum.

Boðað verður til næsta fundar með haustinu.